

Viðaukasamningur við samning aðila um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar.

## Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og XXXXXXXXXXX, kt. XXXXXX-XXXX, hér eftir nefndur *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda, hér eftir nefndur *viðskiptavakasamningurinn*. Með vísan til 8. gr. viðskiptavakasamningsins gera aðilar hans með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur viðauki.

### 1. gr. Fyrirgreiðsla

Samkvæmt 8. gr. viðskiptavakasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í flokki RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 32 1, hér eftir nefnd *lánsbréf*, gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánsbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokki RVK 53 1 og 80.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1 og RVK 32 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 8. gr. viðskiptavakasamningsins.

### 2. gr. Lánstími

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

### 3. gr. Veð

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inn á bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggjum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1,00% (prósentustigi).

#### **4. gr. Upphaf viðskipta**

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánessamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

#### **5. gr. Samningur**

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánessamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Viðskiptavaki skal afhenda Reykjavíkurborg undirritaðan lánessamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegi næsta viðskiptadag í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi.

#### **6. gr. Uppgjör**

Á uppgjörsdagi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánessamningi aðila.

## **7. gr. Vanefndir**

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörssdegi skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörssdegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörssdegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörssdegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.

Brjóti viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

## **8. gr. Þóknun og annar kostnaður**

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánsamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

## **9. gr. Greiðslur af lánsbréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

### **10. gr. Gildistími**

Viðauki þessi tekur gildi 1. apríl 2019 og gildir til 31. mars 2020, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.

Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.

Reykjavík, XX. mars 2019.

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. XXXXXXXXXXXXX

---